



ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 24. apríl 2002 • 17. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Bolungarvík

Unnið að gerð líkans

Að beiðni bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur verið ráðist í byggingu líkans af fyrirhuguðum snjóflóðavörnum í Bolungarvík í skalanum 1:500.

Er þetta gert í kjölfar óska sem fram komu á opnum kynningarfundi um mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík sem haldinn var þann 8. apríl síðastliðinn. Tilgangurinn með smíði líkansins er sá að bæta upplýsingagjöf.

Það er Náttúrustofa Vestfjarða sem hefur umsjón með smíði líkansins.



Kvöldsól í Víkinni

Tillaga að nefndarátliti meirihluta iðnaðarnefndar Alþingis

Lagt til að Ísafjörður verði einn þriggja byggðakjarna

Í tillögu að nefndarátliti meirihluta iðnaðarnefndar Alþingis er lagt til að byggðakjarnar í byggðaáætlun verði þrjár en ekki einn. Nefndin leggur til að auk Akureyrar verði Ísafjörður og M-Austurland skilgreindir byggðakjarnar í byggðaáætlun. Í tillögu viðskipta- og iðnaðarráðherra var hins vegar lögð mest áhersla á einn stað, Akureyri.

Í uppkastinu leggur nefndin til að til 1. janúar 2004 verði sveitarfélögum gefinn kostur á sameiningu á eigin forsendum en eftir það verði sveitar-

stjórnarlögum breytt svo að lágmarksfjöldi sveitarfélaga verði 1000 manns. Meirihlutinn leggur áherslu á bætta samgöngur og er sérstök áhersla lögð á jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, þá milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, undir Vaðlaheiði og Hellisheiði og milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Þá er í uppkastinu er getið um betri samgöngur til Vestmannaeyja og athugun á svifnökkvarekstri.

Nefndin leggur áherslu á eflingu rannsókna og nýsköp-

unar tengdum auðlindum þjóðarinnar. Þá lagt til að komið verði á fót Hönnunarmiðstöð Íslands sem myndi kosta um 20 milljónir á ári. Nefndin mælir með því að lendingargjöld og farþegaskattar í milliflugaflugi verði felldir niður á tímabilinu október til mars til lækka verð á flugi til landsins og efla þannig ferðaþjónustu. Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem verði tryggðar tekjur á móti.

Mælt er með því að ríkisstjórnin geri áætlun um flutning ríkisstofnana út á lands-

byggðina og skili tillögu þess efnis fyrir árslok 2002. Áhersla er lögð á fiskeldi og lagt til í haust verði hafnar viðræður við innlenda og erlenda aðila um stofnun hlutafélags um klak- og kynbótastöð fyrir þorskeldi. Mælt er með því að 100 m.kr. verði árlega varið í jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna ferðakostnaðar íþróttafélaga í Íslandsmótum enda telur nefndin að fátt efli jafn mikið samkennd innan sveitarfélaga eins og góður árangur íþróttafélaga.

SAMKAUP



OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP

AUSTURVEGI 2
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi





Vestfirðir

Umferð eykst um Strandir

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni fjölgaði þeim sem óku um Strandir í grennd við Stóra-Fjarðarhorn í Kollafirði norðan við Ennisháls um 20 % milli ára 2000 og 2001.

Árið 2001 voru ökutæki sem þar fóru um 43.800 en á árinu 2000 voru þau 38.000, sem er svipaður fjöldi og nokkur ár þar á undan. Á tímabilinu frá 29. júní til 4. október á liðnu ári fóru 2.889 ökutæki um Tröllatunguheiði og 4.583 um Þorskaufjarðarheiði, en þar hefur fjöldi ökutækja ekki verið mældur allra síðustu ár.

Ekki er ljóst hvað veldur þessari miklu aukningu milli ára 2001 og 2002 á Ströndum. Einnig er nokkur aukning umferðar á Steingrímsfjarðarheiði og við Stóra-Hattardal í Álftafirði, þar sem Vegagerðin er einnig með teljara, milli ára 2000 og 2001.

Ritstjórn

Afsökunarbeiðni

Svo óheppilega vildi til að með grein Halldórs Halldórs-sonar, bæjarstjóra í síðasta tölublaði BB, fylgdi tilvitnun sem var í engu samræmi við greinina, en hún hafði fylgt grein sem áður hafði birst í blaðinu.

Blaðið notar fast form fyrir aðsendar greinar og í þessu tilviki gleymdist að setja inn nýja tilvitnun. Beðist er afsökunar á þessu mistökum.



Safnahúsið í Ísafjarðarbæ.

2. áfangi Safnahússins í Ísafjarðarbæ

Eiríkur og Einar Valur hf. áttu lægsta tilboð

Þrjú tilboð bárust í annan áfanga Safnahússins í Ísafjarðarbæ, endurbyggingu Gamla sjúkrhússins á Ísafirði. Lægsta tilboðið átti fyrirtækið Eiríkur og Einar Valur hf. á Ísafirði, kr. 44.550.000,- en næstlægst var frávikstilboð Ágústs og Flosa ehf. á Ísafirði,

kr. 44.744.605,-. Sama fyrir-tæki var einnig með þriðja og hæsta tilboðið sem hljóðaði upp á kr. 47.995.514.

Í bréfi Sigurðar Mar Óskarssonar, sviðstjóra tækni-deildar Ísafjarðarbæjar, til bæjarráðs er lagt til að gengið verði til samninga við lægst-

bjóðanda en jafnframt er lagt til að verklok verði færð frá 15. október 2002 til 1. mars 2003, einkum til að tryggja fjármögnun þar sem ekki er nægjanlegt fjármagn í fjárhagsáætlun 2002 til að framkvæma verkið.

Um er að ræða fullnaðar-

frágang fyrstu og annarrar hæðar með tilheyrandi lagna-, raflagna-, blikksmíða- og trésmíðavinnu ásamt innrétt-ingasmíði en húsið er fullfrágengið að utanverðu og innandyrna hefur verið lokið við allt rifrildi, múrbrot, endursteypu og grófhúðun.

Bæjarmálafélag Bolungarvíkur

Bergur skipar efsta sætið

Bergur Karlsson, verkamaður og formaður Björgunarsveitarinnar Ernís skipar efsta sætið á framboðslista Bæjarmálafélags Bolungarvíkur fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara 25. maí nk. Soffía Vagnsdóttir, tónmenntakennari skipar ann-

að sætið og Ketill Elíasson, sjómaður, það þriðja. Kristrún Hermannsdóttir, húsmóðir er í fjórða sæti og Magnús Hávarðarson, tölvu- og kerfisfræðingur skipar fimmta sætið.

Sjötta sæti listans skipar Sólveig Sigurðardóttir, sund-

þjálfari, Jóhann Hannibalsson, bóndi er í sjöunda sæti, Lárus Benediktsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur er í því áttunda, Sigurgeir Sigurgeirsson, athafnamaður er í því níuna og tíunda sætið skipar Gunnar Sigurðsson, starfs-

maður Póls hf. Ellefta sætið skipar Ragnheiður A. Arnarsdóttir, verkakona og nemi, Guðmundur Óskar Reynisson, verkamaður er í tólfta sæti, Renata Nowak, verkakona í því þrettánda og Karvel Pálmason skipar fjórtánda sæti listans.

smáar

Aðalfundur Björgunarfélags Ísafjarðar verður haldinn 30. apríl nk. kl. 20:00 í húsi félagsins. Venjuleg aðalfundarstórf. Lagabreytingar. *Stjórnin.*

Óska eftir góðritölvu fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 866 8276.

Til sölu er Nokia 3310 GSM sími. Upplýsingar í síma 866 5317.

Starfsmaður SKG-Veitinga óskar eftir **3ja herb.** íbúð á eyrinni á Ísafirði. Skilvísunum greiðslum heitið. Uppl. í síma 892 8003.

Til sölu er þvottavél, þurrkari, kælskápur og frystikista. Á sama stað fæst gefins eins árs gamall hundur. Upplýsingar í síma 849 8819.

Vorblót viðhaft til heiðurs Sól, Freyju og Nirði á föstudaginn 26. apríl kl. 18 í Skatnavör í Arnardal. *Vestfjarðagoðorð.*

Til sölu er **ersjókajak.** Auka-búnaður fylgir. Gott verð. Uppl. í síma 456 8449 og 864 8439.

Til sölu eru tvö náttborð á kr. 4.000.- stykkið og einstaklingsrúm, 90x200 á kr. 18 þúsund. Upplýsingar í síma 898 6328.

Til sölu er 90m² íbúð í þriðju hæð á Hlíðarvegi 16 á Ísafirði. Uppl. í síma 456 3501 og 456 3482.

Til sölu er **Peugeot 405**, árg. 1989, grár að lit, ekinn 120 þús. km. Skoðaður 03. Verð kr. 100.000.- Upplýsingar í síma 456 3335 og 869 7557.

Til sölu er **MMC Pajero** árg. 1991, ekinn 180 þús. km. Bill með öllu. Selst ódyrt. Uppl. í síma 862 2061.

Til sölu er **Mazda Gti** árg. 1992. Upplýsingar í síma 864 8956.

Til sölu er **eldhúsbörð** og fjórir stólar. Upplýsingar í síma 894 3821.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Sérinn-gangur. Uppl. gefur Erlingur í símunum 456 3928 og 456 4323.

Til sölu eru fjögur 32" **sumardekk** á sex gatakrómfelgum. Uppl. í síma 849 2401.

Til sölu er **barnastóll** á reiðhjól. Upplýsingar í síma 898 6328.

Til sölu eða leigu er Austurvegur 12. á Ísafirði. Uppl. í síma 456 4181.

Það er tungunni tamast...

Sumarið er sá árstími sem beðið er eftir með mestri eftirvæntingu. Þess vegna fögnum við sumri hvernig sem viðrar og neitum því alfarið að sumardagurinn fyrsti tynist í slagtoxi með öðrum dögum.

Alþingi Íslendinga lauk vetrarstarfinu með stæl. Tuttugu milljarða ríkis-ábyrgð til einkafyrirtækis til að efla og auka fjölbreytni atvinnulífs höfuðborgar-búa. Stærsta byggðapróunarverkefni stjórnvalda, sem áður voru búin að lýsa því yfir að hér eftir skyldi sérhvert krummaskuð sjá um sig sjálf. En, eins og komist hefur verið að orði: Nú heitir Steingrímur ekki lengur Steingrímur heldur það, sem fáum hefði til hugar komið. Svo hart er gengið að þingmönnum til stuðnings þessari byggðastefnu stjórnvalda að þeir eiga, sumir hverjir, fullt í fangi með að finna samviskunnari ásættanlegan farveg gagnvart stjórnarskránni.

Forseti lýðveldisins lét sitt ekki eftir liggja við að kveðja veturinn svo eftir yrði tekið. Stuðningsyfirlýsing hans við kjörtímabilsbundna stefnu stjórnvalda gagnvart Evrópusambandinu olli fjadrafoki. Ekki síst meðal þingmanna og leiddi m.a. til upprifjunar á ummælum forsetans um ástand vega í Barðastrandasýslu fyrir nokkrum árum. Þótti þá mörgum lítt sæmandi að forsetinn setti ofaní við ráðherra í jafn hreppapólitísku máli og vegagerð og það meira að segja á útkjálka, utan hringvegar.

Á tyllidögum er sameiningartákn forsetans í öndvegi. Fyllri veður þó merking þess er erfiðleikar, sem snerta alla þjóðina, steðja að. Til að varðveita þessa ímynd leiddu fyrri forsetar hjá sér pólitísk þrætumál a.m.k. á opinberlega. (Kemur þó engum til hugar að það mæta fólk hafi ekki haft skoðanir á þeirra tíma dægurmálum.)

LEIÐAÐI

Forsetinn verður ekki sviptur skoðanafrelsi frekar en forverar hans. En meðan hann ber á herðum sér þá kápu sameiningartákns, sem þjóðin kaus hann til að bera, eru yfirlýsingar hans í viðkvæmum deilumálum ekki viðeigandi. Kápa fræðimannsins er honum ekki hulinshjálmur hvað það varðar.

Kjósi forsetinn hins vegar að feta sig þessa braut verður þjóðin að gera eftirfarandi upp við sig: Vill hún halda í hálfgerð puntembætti sem í vaxandi mæli dregur dóm af erlendum glansfyrirmyndum og hirðsiðum; vill hún pólitískan forseta; eða vill hún hreinlega leggja embættið niður.

Þar til við stöndum frammi fyrir spurningum af þessu tagi og ræðum þær af alvöru fer best á að halda sig við gamla sáttmála.

Bæjarins besta óskar lesendum sínum gleðilegs sumars.

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikóllína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðal-götu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Sólusdóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-press ehf. Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • **Netfang prentsmíðu:** hpress@bb.is • **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • **Ritstjórn netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson • **Fréttastjóri:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, netfang: gudfinna@bb.is • **Blaðamenn:** Haukur Magnússon, sími 695 8158, netfang: haukur@bb.is, Kristinn Jónsson, sími 456 3068, netfang: blm@bb.is • **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • **Fréttavefur:** www.bb.is • **Lausasöluverð** er kr. 200 eintakið m. vsk. • **Áskriftarverð** er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukort

Lilja Rafney Magnúsdóttir skipar efsta sætið

Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaforseti Alþýðusambands Vestfjarða, skipar efsta sætið á framboðslista Vinstrihreyfingarinnar – Græns framboðs á Ísafirði fyrir sveitastjórnarkosningarnar í vor. Þetta var ákveðið á félagsfundum félagsdeildar VG í Ísafjarðarbæ í síðustu viku. Annað sæti listans skipar Elfar Logi Hannesson, leikstjóri, og ferðamálafulltrúinn Dorothee Lubbecki er í því þriðja.

Í næstu sætum koma eftirtaldir einstaklingar: Anton Torfi Bergsson, bóndi, Ágústa Guðmundsdóttir, verkamaður, Kjartan Halldór Ágústsson,

kennari, Herdís Magnea Hübner, kennari, Björn Birkisson, bóndi, Guðrún Snæbjörg Sigþórsdóttir, húsmóðir, Björn Björnsson, bóndi, Ragnheiður Baldursdóttir, stöðvarstjóri, Kristinn Orri Hjaltason, nemi, Gígja Sigríður Tómasdóttir, verkakona, Indriði Sveinn Ingjaldsson, markaðsstjóri, Pálína Kristín Garðarsdóttir, gjaldkeri, Gísli Steinar Skarphéðinsson, skipstjóri, Jón Fanndal Þórðarson, garðyrkjufræðingur og Hjördis Hjörleifsdóttir, fv. skólustjóri.

„Við erum mjög ánægð með hvernig til tókst að skipa á

listann, á honum er gott fólk og hann sýnir góða breidd. Við stefnum óhikað á að fá tvo menn kjörna í komandi kosningum. Ég vonast til þess að þessi hópur eigi eftir að vinna vel saman að stefnumörkun í málum bæjarins í vor og þess má geta að efstu frambjóðendum listans eru að fara á sameiginlega kosningaráðstefnu Vinstri grænna um helgina til þess að undirbúa okkur fyrir átökin,“ sagði Lilja Rafney Magnúsdóttir í samtali við blaðið og bætti við að ráðgert væri að opna innan tíðar kosningaskrifstofu listans í Hafnarstræti á Ísafirði.



Ísafjarðarhöfn.

Beiðni Ísafjarðarbæjar um breytingar á hafnaáætlun

Fallist á breytingar vegna Ásgeirskants

Siglingastofnun Íslands hefur fallist á beiðni Ísafjarðarbæjar um breytingar á framkvæmdum á hafnaáætlun 2001-2004 vegna framkvæmda við Ásgeirskant á Ísafirði. Hafði hafnastjórn Ísafjarðarbæjar óskað eftir því að framkvæmdir við Ásgeirskant yrðu færðar til ársins 2002 þar sem ástand kantsins væri orðið mjög bágborið enda er elsti hlutinn frá árinu

1947. Hefur stofnunin heimilað að endurbygging kantsins verði flýtt ef nauðsyn krefur enda verði þá öðrum verkefnum frestað á móti.

Siglingastofnun hefur jafnframt samþykkt beiðni Ísafjarðarbæjar um að framkvæmd vegna flotbryggju í Sundahöfn verði breytt þannig að hluti þess fjármagns sem ætlaður er til endurnýjunar flotbryggju í ár, fari til endur-

bóta og frekari uppbyggingar á aðstöðu fyrir ferðaþjónustubáta í Sundahöfn. Fjárveiting til endurbyggingar flotbryggju fyrir árið 2002 er 6,9 milljónir króna en kostnaður við að koma fyrir flotbryggju fyrir ferðaþjónustubáta í Sundahöfn er áætlaður um 4,8 milljónir króna. og er hlutur ríkisins því um 2,9 milljónir króna.

Stoppaleikhópurinn sýnir leikrit í Ísafjarðarkirkju

Ævintýri Kuggs og Málfríðar

Stoppaleikhópurinn sýnir barnaleikritið „Ævintýri Kuggs og Málfríðar“ í dag kl. 17:00 í Ísafjarðarkirkju. Leikritið er byggt á hinum vinsælu bókum Sigrúnar Eldjám um þau skötuþjú.

Segir leikritið frá Kugg

litla sem flytur ásamt fjölskyldu sinni í nýtt hverfi þar sem aðallega fyrirfinnast gamalt fólk en lítið er um börn fyrir Kugg að leika sér við. Eftir nokkra leit að hentugum leikfélögum kemst Kuggur í kynni við Málfríði, sem er

gömul en ung í anda, og upp frá því lenda þau í ýmsum ævintýrum saman. Sýningin hefur hlotið lof gagnrýnenda sem áhorfenda, enda hlý og falleg saga um vináttu barns og fullorðins konu. Verð aðgöngumiða er kr. 200.



Ísafjarðarkirkja.



ÍSAFJARÐARBÆR

Framboðsfrestur vegna almennra sveitarstjórnarkosninga þann 25. maí 2002

Framboðsfrestur vegna almennra sveitarstjórnarkosninga er fara fram laugardaginn 25. maí 2002 rennur út kl. 12:00 á hádegis þann 4. maí 2002. Öll framboð skulu tilkynnt skriflega til yfirkjörstjórnar eigi síðar en kl. 12:00 á hádegis þann dag. Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðslistum þann dag í fundarsal bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar milli kl. 10:00 og 12:00, en einnig má skila framboðslistum til formanns yfirkjörstjórnar, Björns Jóhannessonar hdl., Aðalstræti 24, Ísafirði, fyrir þann tíma.

Sérstök athygli er vakin á ákvæðum 3., 21., 22., 23., og 25. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, en þar segir:

3. gr. laga nr. 5/1998:

„Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr. og hefur ekki verið sviptur lögræði.“

21. gr. laga nr. 5/1998:

„Þegar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12:00 á hádegis þann dag þegar þrjár vikur eru til kjördags.“

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru.“

22. gr. laga nr. 5/1998:

„Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Ekki er gerð krafa um meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri.“

Lágmarksfjöldi meðmælanda skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

a) í sveitarfélagi með 101 - 500 íbúa, 10 meðmælendur.

b) í sveitarfélagi með 501 - 2.000 íbúa, 20 meðmælendur.

c) í sveitarfélagi með 2.001 - 10.000 íbúa, 40 meðmælendur.

d) í sveitarfélagi með 10.001 - 50.000 íbúa, 80 meðmælendur.

e) í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa, 160 meðmælendur.

Hámarkstala meðmælanda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Kjósendi, sem mælt hefur með framboðslista, getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

23. gr. laga nr. 5/1998:

„Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamlu umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og við talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórnir setja.“

25. gr. laga nr. 5/1998:

„Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurð sveitarstjórnar má kæra á sama hátt sem fyrir er mælt í 93. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.“

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar.



www.bb.is/tg



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

Hafnarstræti 1 – Ísafirði

Símar: 456 3940 & 456 3244

Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is

Helmasíða: www.bb.is/tg

Einbýlishús / raðhús

Hlíðarvegur 14: 170,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. Húsið er mikið endurnýjað, ekkert áhvílandi. **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 46: 186 m² endaraðhús á þremur hæðum. Fallegt útsýni. Séríbúð á neðstu hæð. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8,9 m.kr.**

Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði. **Verð 9,7 m.kr.**

Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Mánagata 9: 191,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, kjallara og garði. Húsið er allt að mestu endurnýjað. **Tilboð óskast**

Móholt 9: 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Smíðjugata 11a: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað að utan. Skoðum öll tilboð. **Verð 6,1 m.kr.**

Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 13,5 m.kr.**

4-6 herb. íbúðir

Hafnarstræti 4: 176 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð ásamt rislofti og helm. af geymslu í kjallara. **Verð 7,5 m.kr.**

3ja herb. íbúðir

Hlíf II: 65,7 m² íbúð á 4ju hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 5,2 m.kr. **Verð 7,3 m.kr.**

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfloður, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**

2ja herb. íbúðir

Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**

Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**

Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Tilboð óskast**

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**

Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Tilboð óskast**

Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax. **Verð 6,3 m.kr.**

Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalda bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**

Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt rislofti. **Verð 4,5 m.kr.**

Atvinnuhúsnæði

Sindragata: veiðafærageymsla, tvö bíl, harðsteypt gólf, heitt og kalt vatn og hiti. **Tilboð óskast**
Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. **Verð 25 m.kr.**

Verslunarhúsnæði

Hrannargata 2: 164,1 m² verslunarhúsnæði á 1. hæð og kjallara. Húsnæðið er tilvalið fyrir rekstur verslunar og/eda videoleigu. Verslunarinnréttingar geta fylgt með. **Verð 6,3 m.kr.**

Suðureyri

Aðalgata 2: 136 m² 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**
Aðalgata 2: 124,2 m² neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrrverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum. **Verð 6 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar www.bb.is/tg

SNERPA
TÖLVU- OG NETÞJÓNUSTA

Nýtt hjá Snerpu ehf.

Höfum hafið sölu á Sony tölvuskjám höfum til sýnis

Sony Trinitron skjáir 17" - 19" - 21" einnig LCD 15"

Raftækjadagar

20-40% afsláttur

eldavélar
þvottavélar
þurrkarar
frystikistur o.fl.

ÞVOTTAVÉL

Tricity Bendix, 1000 snúninga

Verð áður 65.990 kr.

Verð nú **48.990 kr.**

KÆLIR/FRYSTIR

Electrolux

200 cm á hæð, 3 ára áhrög.

Verð áður 99.990 kr.

Verð nú **84.990 kr.**

BRAUÐRIST

Moulinex

Verð áður 4.290 kr.

Verð nú **2.595 kr.**

ÞURRKARI

TRICITY BENDIX

Verð áður 39.990 kr.

Verð nú **27.990 kr.**

KÆLISKÁPUR

Amica

132 cm á hæð

Verð áður 48.990 kr.

Verð nú **33.995 kr.**

HÚSASMÍÐJAN

Vorðun Mjallargötu 1 • Sími 456 4544
Tembursala Árnagötu 1 • Sími 456 4555

Níutíu íbúar senda Skipulagsstofnun athugasemdir

Níutíu íbúar í Bolungarvík hafa gert athugasemdir til Skipulagsstofnunar ríkisins við skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Bolungarvík. Íbúarnir skora jafnframt á bæjarstjórn Bolungarvíkur, Skipulagsstofnun ríkisins og aðrar stofnanir hins opinbera er málið varðar, að taka fullt tillit til umræddra athugasemda og endurskoða ákvarðanir sínar um snjóflóðavarnir í Bolungarvík. Gera verði kröfu um að rannsóknir vegna svo umfangsmikilla framkvæmda verði gerðar á öllum þeim þáttum sem nefndir eru í athugasemdunum. Leggja íbúarnir áherslu á nauðsyn þess að samstaða og einhugur ríki á meðal Bolvíkinga um fyrirhugaðar framkvæmdir vegna snjóflóðavarna fyrir Bolungarvík, ekki síst til að tryggja samstöðu meðal íbúanna í svo viðamiklu máli.

Íbúarnir gera alls sjö athugasemdir við skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Bolungarvík. Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við staðsetningu varnargarða þar sem gert sé ráð fyrir að öll íbúðarhús við Dísarland hverfi. Benda íbúarnir á að við snjóflóðavarnir eigi það grundvallarsjónarmið að ríkja að alla byggð skuli verja en ekki komi til eyðingar hennar vegna varna. Það er skoðun þeirra að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi önnur þau áhrif sem séu ósættanleg fyrir þá íbúa sem næst fyrirhuguðum varnargörðum búa.


Í öðru lagi þykir hæð varnargarðanna of mikil en þeir eru 22 metrar á hæð þar sem þeir eru hæstir. Þá vekur það athygli íbúanna að við hönnun og kynningu á svo viðamikilli framkvæmd skuli ekki vera

gert líkan þar sem rétt hlutföll á milli byggðar og garða koma fram til þess að íbúar geti áttað sig á stærðarhlutföllum og umfangi framkvæmdanna.

Íbúarnir benda í þriðja lagi á að samkvæmt skýrslunni megi búast við aukinni snjó-söfnun innan við væntanlega garða en minni á skíðasvæðinu sem lendi innan garðanna. Er snjó-söfnun innan varnargarða hins vegar mikið áhyggjuefni íbúanna sem næst þeim munu búa, því miðað við hæð garðanna megi búast við verulegri snjó-söfnun á svæðinu í ríkjandi vindátt sem er norðaustanátt. Þá lýsa íbúarnir sömuleiðis yfir áhyggjum vegna tenginga lagna svo sem fyrir vatn sem dælt er úr brunni við Dísarland og er einnig fyrir nærliggjandi hús við Traðarland.

Fjórdi athugasemdin varðar uppræðslu varnargarðanna og er bent á að ef gróður nái ekki að þekja garðana nokkuð fljótt sé hætt við því að fullur og smáskriður hlaupi úr þeim og rýri þar með gildi þeirra. Fram hafi komið að ekki verði hægt að þekja brattasta hluta garðanna með jarðvegslagi og megi gera ráð fyrir einhverju jarðvegsrofi á framkvæmdasvæðinu og áfoki, einkum fyrstu árin. Þykir íbúunum ósættanlegt að við slíkar framkvæmdir skuli ekki vera frá því gengið að fok verði heft, eða að notkunargildi garðanna standist kröfur um varnir og öryggi. Það bendi til þess að framkvæmdin sé of mikil að umfangi og þar af leiðandi ekki hentug.

Í fimmtu athugasemdinni er fjallað um útivistarsvæðið í hlíðum Traðarhrynu en samkvæmt skýrslunni er stefnt að því að útivistargildi svæðisins minnki ekki við framkvæmd-



Prívíddarteikning af snjóflóðavörnum, horft til vesturs frá Stígahlíð.

ina, þó það muni breytast. Íbúarnir segja það óneitanlega vekja óhug að gert sé ráð fyrir lagningu göngustíga við og á varnargarða en búast megi við að þarna skapist veruleg slyshætta þar sem gert sé ráð fyrir að varnargarðurinn verði víða þverhniptur.

Í sjöttu og sjöundu athugasemdum íbúanna kemur fram að ekki sé einhugur í bænnum um fyrirhugaðar framkvæmdir og 12 íbúðareigendur, er búa næst fyrirhugaðri mannvirkjagerð, hafi m.a. gert athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi fyrir Bolungarvík, einkanlega varðandi staðsetningu fyrirhugaðra snjóflóðavarnargarða. Vísa íbúarnir í skýrsluna þar sem kemur fram að óbreytt ástand sé óviðunandi kostur fyrir Bol-

víkinga og að ósætti um hvaða leið sé valin hafi neikvæð áhrif á mannlíf. Taka íbúarnir undir þetta en benda á að ekki sé einhugur um fyrirhugaðar framkvæmdir og ítreka það grundvallarsjónarmið að með að vörnum skuli þess gætt að byggð sé ekki eytt í Bolungarvík.

Sömuleiðis nefna íbúarnir að ekki sé vitað til að neinar athuganir né rannsóknir hafi farið fram er lúta að almennri líðan, tilfinningum og því öryggisgildi sem varnargarðar eiga að veita íbúum á svæðum þar sem snjóflóðavarnarmannvirki hafa verið byggð hér á landi. Það væri vissulega ástæða til að athuga slíkt og rannsóknir yrðu gerðar, ekki síst til að styrkja tiltrú fólks er býr á hættusvæðum.

Í lok athugasemda sinna segja íbúarnir að snjóflóðavarnir í Bolungarvík snerti ekki eingöngu þá íbúa sem búa á hættusvæði, „heldur alla íbúa bæjarins og má í því sambandi benda á að margir telja þann vanda sem talið er að stæði að Bolungarvík vegna snjóflóða ekki eins mikinn og sagt er í skýrslunni“.

Athugasemdirnar og áskorun íbúanna níutíu í Bolungarvík hafa einnig verið sendar bæjarstjórn Bolungarvíkur, Framkvæmdasýslu ríkisins, Veðurstofu Íslands, stjórn Ofanflóðasjóðs, umhverfisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, alþingismönnum Vestfjarða, Verkfræðistofunni Línuhönnun og Náttúrustofu Vestfjarða.

smáar

Til sölu er frystiskápur sem selst ódýrt. Einnig nokkuð stór en lítið notuð þrjónavél og stórt hringlött útiborð með fjórum stólum. Uppl. í síma 456 3397.

Til sölu er stór vefstóll og fururúm fyrir ungling (200 x 90cm). Uppl. gefur Elisabet í síma 456 4305.

Til sölu er sími, Chicco stóll og **kerruvagn**. Uppl. í síma 456 4212 og 698 4212.

Bolvíkingar! Kvenfélagskonur ganga í hús og selja **afskorin blóm** á síðasta vetrardag. Öllum ágóða er varið í heimabyggð.

Til sölu er eldhúsborð og fjórir stólar og lítið töluborð. Uppl. í síma 456 4926.

Tek að mér **ræstingar** í heimahúsum, stígaöngum og fleira. Uppl. í síma 865 0139 og 456 6274.

Til sölu eru þrjár góðir **Borðer Collie hvolpar**. Uppl. í síma 456 2237.

Aðalfundur KFÍ verður haldinn á Hótel Ísafirði, 28. apríl kl. 15:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.

Óska eftir að kaupa **stórsvíggalla** fyrir 12 ára. Upplýsingar í síma 456 4370 og 895 4443.

Til sölu er slöngubátur og mótör og fellihýsi. Uppl. í síma 864 1341.

Til sölu er **terlpnareihjól**, 20". Á sama stað óskast 24" eða 26" kvenreiðhjól. Upplýsingar í síma 456 3499 og 849 5345.

Óska eftir ódýrri leigubíð á Ísafirði, helst í grennd við eyrina. Leigutími frá 1. júní. Uppl. í síma 551 6799 og 868 6799.

Til sölu eru fjögur **jeppadekk** á álfelgum undan Toyota Landcruiser. Uppl. í síma 456 4342.

Til sölu er **frystiskápur**. Selst ódýrt. Á sama stað er til sölu ljósabekkur. Uppl. í síma 456 3397.

Til sölu er **Gallopper** jeppi árg. 1998, ekinn 65 þús. km. Góður bill á góðu verði. Uppl. í síma 848 3411.

Golfklúbbur Ísafjarðar óskar eftir gamalli, ódýrri, **dráttarvél**. Helst með ámokstursteckjum. Upplýsingar gefa Gylfi í síma 456 3887 eða Jóhann í síma 863 1626.

Til sölu eru **dekk** á felgum undan MMC Pajero árg. 99. Stærð: 31", hálfslitin. Uppl. í síma 456 5250.

Óska eftir ísskáp og sófa, helst svefnsofa, ódýrt eða gefins. Uppl. í símu 456 5295 og 862 4295.

Til sölu er 24" Trek, 18 gíra **drengjareihjól**. Er í góðu standi. Upplýsingar í síma 897 6795.

Til sölu er **MMC L300**, turbo diesel með mæli, árg. 1996. Skipti á ódýrari bil koma til greina. Upplýsingar í síma 862 4279.

Skíðaferð! Farið verður á Flæðareyri - Grunnavík um helgina. Gist í Grunnavík í eina nótt. Skráning í síma 456 4022 eða hjá Friðrik í síma 848 0511.

Til sölu er Brno **markriffill**. Er með sjónauka og gatasigtum. Upplýsingar í síma 861 4709.

Til sölu er 3ja herb. íbúð að Engjavegi 17. Er í góðu lagi. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 867 0397 og 456 5177.

Til sölu er Emmaljunga tvi-**bur** á **kerruvagn** með svefnpokum og regnslá. Uppl. í síma 456 4039.

BB - Smáauglýsingar

Atvinna

Starfskraftur óskast í hálfstarf á Tannlæknastofuna á Ísafirði. Þarf að geta hafið störf í ágúst.

Upplýsingar í síma 456 3737.



Þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu

Maríu Helgadóttur
frá Ísafirði

Helga P. Gunnarsdóttir Jóhann R. Símonarson
Steingerður Gunnarsdóttir Jón Karl Sigurðsson
Sigrún Gunnarsdóttir Hjörtur Sæmundsson
og fjölskyldur

Meiraprófsnámskeið!

• leigubifreið • vörubifreið • hópferðabifreið • eftirvagn

Ökuskóli S.G. fyrirhugar að halda meiraprófsnámskeið á Ísafirði í byrjun maí ef næg þátttaka fæst.

Mikil eftirspurn er nú eftir meiraprófsbílstjórum!

Hagstætt verð og góð greiðslukjör!
Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða
Skráningar í símu 581 1919, 898 3810 og 892 4124





Starfsmaður á Ísafirði

Framboðsfrestur vegna almennra sveitarstjórnarkosninga í Bolungarvík 25. maí 2002

Framboðsfrestur vegna almennra sveitarstjórnarkosninga er fara fram laugardaginn 25. maí 2002 rennur út kl. 12:00 á hádegi þann 4. maí 2002. Öll framboð skulu tilkynnt skriflega til yfirkjörstjórnar eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi þann dag. Yfirkjörstjórn í Bolungarvík tekur á móti framboðslistum þann dag í fundarsal bæjarstjórnar Bolungarvíkur milli kl. 10:00 og 12:00, en einnig má skila framboðslistum til formanns yfirkjörstjórnar, Antons Helgasonar, Holtabrún 1, Bolungarvík, fyrir þann tíma.

Sérstök athygli er vakin á ákvæðum 3., 21., 22., 23., og 25. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, en þar segir:

3. gr. laga nr. 5/1998:

„Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr. og hefur ekki verið sviptur lögræði.“

21. gr. laga nr. 5/1998:

„Þegar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi þann dag þegar þrjár vikur eru til kjördags.“

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru.“

22. gr. laga nr. 5/1998:

„Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Ekki er gerð krafa um meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri.“

Lágmarksfjöldi meðmælanda skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

- a) í sveitarfélagi með 101 - 500 íbúa, 10 meðmælendur.
- b) í sveitarfélagi með 501 - 2.000 íbúa, 20 meðmælendur.
- c) í sveitarfélagi með 2.001 - 10.000 íbúa, 40 meðmælendur.
- d) í sveitarfélagi með 10.001 - 50.000 íbúa, 80 meðmælendur.
- e) í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa, 160 meðmælendur.

Hámarkstala meðmælanda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Kjósendi, sem mælt hefur með framboðslista, getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

23. gr. laga nr. 5/1998:

„Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og við talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórnir setja.“

25. gr. laga nr. 5/1998:

„Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurð sveitarstjórnar má kæra á sama hátt sem fyrir er mælt í 93. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaféni hafi misst kjörgengi.“

Yfirkjörstjórn Bolungarvíkur.



Dagný Sveinbjörnsdóttir.

Vísindavefur Háskóla Íslands fær að meðaltali 15-20 spurningar á dag þar sem spurt er um allt milli himins og jarðar, en alls eru komin 2300 svör inn á vefinn frá opnun hans. Dagný Sveinbjörnsdóttir, landfræðingur og starfsmaður hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, er einn af sex starfsmönnum vefsins sem reyna að sjá til þess að fólk fái svar við spurningum sínum og aðspurð um hvernig það hafi komið til, þá segir hún að starfið hafi verið auglýst og þar hafi komið fram að hugsanlega mætti vinna það hvar sem væri. Það var sem sagt ekki endilega bundið við höfuðborgarsvæðið og ákvað hún að sækja um og láta reyna á hvort hún gæti fengið að sinna því á Ísafirði.

„Mig langaði að athuga hvernig forsvarsmenn Vísindavefsins tækju í það og það kom í ljós að þeir voru mjög jákvæðir fyrir því að prófa þetta enda um þannig vinnu að ræða að þú getur nánast verið hvar sem er ef þú hefur aðgang að tölvu og nettengingu. Það má t.d. nefna að allt myndefnið á vefnum kemur frá Mexíkó þar sem íslenskur umsjónaraðili þess er í námi. Ég byrjaði þarna í mars og er í 50% hlutastarfi en varð um leið að minnka við mig hjá Atvinnuþróunarfélaginu.“

Þar var tekið mjög vel í að leyfa mér að minnka starfshlutfall til að prófa þetta enda litið á það sem mjög jákvætt mál þegar opinberar stofnanir sýna raunverulegan vilja til að nýta þekkingu og færni sem finnst fyrir austan Elliðaár“.

sem geta svarað spurningum. „Það er sem sagt ekki þannig að við svörum spurningum sjálf heldur reynum við að leita til sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig. Oftar en ekki eru það kennarar við Háskóla Íslands en það er þó ekki algilt. Flestir taka umleitan okkar vel og eru mjög jákvæðir fyrir því að senda okkur svör sem geta þá verið allt frá nokkrum málsgreinum upp í heilu ritgerðirnar. Það er misjafnt hversu vel svörin eru hæf til birtingar enda er fólk misjafnlega vel ritfært þannig að við lesum þau yfir og gerum þær breytingar sem þarf. Ég reyni alltaf að setja mig inn í það sem er verið að fjalla um og einstaka sinnum kemur fyrir að ég svara sjálf þeim spurningum sem eru stuttar og auðsvarað“.

Áð sögn Dagnýjar eru svörin síðan útbúin til birtingar á Vísindavefnum en sum þeirra birtast líka í Morgunblaðinu og á Strik.is. Í mars var vefurinn heimsóttur af 13000 mismunandi gestum en það segir hins vegar ekkert til um hversu oft hver og einn heimsótti vefinn þannig að í heild voru heimsóknirnar margfalt fleiri. Dagný segir að núna séu um 2300 svör komin á vefinn frá um 500 sérfræðingum. Hins vegar komi svo mikið inn af spurningum að ekki hafist undan að svara og núna mun um 4000 spurningum vera ósvarað. Hún segir að oft séu þetta sömu spurningarnar, t.d. „Af hverju er himininn blár?“, og í allt megi ætla að vefnum hafi borist í kringum 10.000 spurningar.

Dagný segir að vinnunni sé þannig háttað að byrjað sé á því að efnisflokkar þær spurningar sem koma inn á vefinn og þeir sem sjái um viðkomandi efnisflokkar reyni síðan að finna einhverja sérfræðinga

Laxnesshátíð í Hömrum á Ísafirði á morgun

„Bráðum kemur betri tíð...“

Um þessar mundir er þess minnst víða um land að öld er liðin frá fæðingu Nóbelskaldsins Halldórs Laxness. Tónlistarskólinn á Ísafirði og Menntaskólinn á Ísafirði hafa sameinast um dagskrá í tali og tónum, þar sem lesið verður úr verkum Halldórs og flutt verður tónlist tengd skáldinu. Hátíðin hefst kl. 20:00 annað kvöld, fimmtudag í Hömrum á Ísafirði.

Nokkrir nemendur Menntaskólans á Ísafirði lesa ljóð og óbundið mál og þeir Eyvindur P. Eiríksson og Hlynur Þór Magnússon fjalla um skálfið og verk þess í stuttu máli. Stúlknakórinn syngur nokkur lög, söngnemendur syngja einsöng og tvísöng og hljóðfæratrío kemur fram.

Fjöldmörg tónskáld hafa samið lög við ljóð Laxness, og hafa sum þeirra náð vinsældum meðal almennings, s.s. „Hvert örstutt spor“ og „Maí-

stjarnan“, sem er orðin hálfgerð þjóðareign. Sum þessara þekktu laga verða einmitt á dagskránni í Hömrum, en einnig verða á dagskrá sjaldheyrdari lög.

Auk andlegrar næringar verða kaffiveitingar á boðstólum á hátíðinni, þar sem setið verður við borð. Aðgangseyrir á hátíðina er kr. 1.000.- en ókeypis er inn fyrir börn og skólafólk undir 20 ára aldri.

„Hvert örstutt spor“ og „Maí-

stjarnan“

Húsmiðjan hf.

Kynnir framtíðar-áform fyrirtækisins

Húsmiðjan hf. bauð á fimmtudag, nokkrum af stærstu viðskiptavinum sínum og lykilmönnum bygging-

Ásafirði í tilefni af eins árs afmæli verslunar fyrirtækisins á Ísafirði.



Bogi Þór Siguroddsson, forstjóri Húsmiðjunnar hf. kynnir starfsemi fyrirtækisins fyrir lykilmönnum í byggingariðnaði á Vestfjörðum.

Á fundinn var mættur Bogi Þór Siguroddsson, forstjóri, sem kynnti sögu fyrirtækisins,

starfsemi og framtíðaráform þess. Bogi Þór sagði m.a. að viðtökur Vestfirðinga við opn-

un verslunarinnar, hefðu verið vonum framar og salan langt umfram áætlanir.

Ísafjörður Frummynd í Neista

Myndbandaleigan Frummynd á Ísafirði færir sig um set á næstu dögum, frá Norðurvegi í hins nýju verslunarmiðstöð Neista. Þar hafa eigendur fyrirtækisins fest kaup á verslunarplássi á milli verslunarinnar Konur og Menn og veitingastaðarins Thai Koon.

Að sögn Guðjóns Þorsteinssonar, eins af eigendum Frummyndar, liggja margar ástæður að baki flutningnum, en staðsetningin er þar efst á blaði. „Staðsetningin er frábær. Við erum að fara inn í verslunarkjarna sem mikill straumur verður um og munum græða á því að fólkið sem fer inn um aðalryrnar á leið í verslun Samkaupa sem opnar bráðlega, kemur við hjá okkur í leiðinni,“ sagði Guðjón.

„Þá er verslunarplássið það stórt að við munum koma öllu fyrir sem við höfum verið með á boðstólum og miklu meira til.“ Hann sagði svipaðar áherslur í vöruúrvali verða á nýja staðnum og á þeim gamla en meiri áhersla yrði þó lögð á hljómtæki og fylgihluti en áður.

Vestfirðir Fermingar

Fermt verður í Súðavík-urkirkju á morgun, Sumardaginn fyrsta kl. 15:00 og í Ísafjarðarkirkju á sunnudag kl. 14:00. Fimm börn fermast í Ísafjarðarkirkju og eitt í Súðavík. Fermingarbörnin eru:

Súðavík: Sindri Vestfjörð, Holtagötu 11. Ísafjörður: Agnes Kristín Einarsdóttir, Hafraholti 48, Bragi Þorsteinsson, Engjavegi 30, Einar Örn Thoroddsen, Mjógötu 5, Kristjana Pálsdóttir, Fjarðarstræti 18 og Pétur Þór Gunnarsson, Góuholti 4.

Ísafjörður Nýir eigendur að Á Eyrinni

Auður Elísabet Ásberg hefur selt tepan helming hlutafjár í veitingastaðnum Á Eyrinni á Ísafirði.

Kaupendur eru þau Elías Guðmundsson og Erla Ebba Gunnarsdóttir, sem mun gegna starfi framkvæmdatjóra. Sömu aðilar hafa einnig á leigu rekstur veitingastaðanna Tóka Munks á Þingeyri og Vagnsins á Flateyri.

Auður Elísabet mun áfram reka gistiheimili sitt að Mánagötu 6 á Ísafirði.

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra

Stjórnarfundur haldinn í Bolungarvík

Stjórnarfundur Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, var haldinn í Bolungarvík um helgina í framhaldi af aðalfundi Sjálfsbjargar í Bolungarvík sl. fimmtudag. Alls sátu 19 manns fundinn, fimm frá framkvæmdarstjórn sambandsins, þrjú starfsmenn og ellefu fulltrúar frá félögum Sjálfsbjargar víðs vegar um land, m.a. frá Bolungarvík og Ísafirði, en framkvæmdarstjórn og fulltrúar einstakra aðildarfélaganna mynda stjórn Sjálfsbjargar.

Var fundurinn haldinn í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík og hófst kl. 13 á föstudag og stóð til kl. 17 en um kvöldið var fundarmönnum boðið til kvöldverðar í Faktorshúsinu á Ísafirði. Fundurinn hélt síðan áfram kl. 10 á laugardagsmorgun og stóð fram undir kl. 17 en um kvöldið var síðan



Frá fundinum í Bolungarvík.

kvöldverður í boði bæjarstjórnar Bolungarvíkur.

Að sögn Önnu Torfadóttur, formanns Sjálfsbjargar í Bolungarvík, tókst stjórnarfundurinn vel og ekki annað að heyra en fundarmenn væru almennt ánægðir með ferðina vestur. Hún segir að yfirleitt séu stjórnarfundirnir haldnir í

Reykjavík á haustin en þó sé reglulega reynt að brjóta þetta upp og funda hjá aðildarfélagunum á landsbyggðinni. Skapist þannig gott tækifæri fyrir viðkomandi félög til að kynna starfsemi sína og sömu leiðis starfsemi Sjálfsbjargar almennt í bæjarfélögum.

Stjórnubílar ehf. á Ísafirði

Vilja geyma bílana sína á grunni gamla sláturhússins

Stjórnubílar ehf. á Ísafirði hafa óskað eftir því við Ísafjarðarbæ að fá til afnota staði fyrir fjóra bíla fyrirtækisins á grunni gamals sláturhúss sem staðsettur er skammt frá bílasjoppunni Krílinu við Sindragötu á Ísafirði. Stjórnubílar ehf. keyptu fyrir skömmu tvær rútur til bæjarins í atvinnuskyni en ekki hefur tekist að

finna húsnæði til geymslu á bílunum þegar þeir eru ekki í ferðum og er því leitað til Ísafjarðarbæjar eftir geymslustað fyrir bílana í staði.

Segjast eigendur Stjórnubíla óska eftir umræddu leyfi svo forðast megi að leggja bílunum of nálægt íbúðarhúsnæði í bænum þar sem búast megi við að bílarnir verði

gangsettir og lagt á þeim tímum þegar fólk er í svefni. Þá þykir vissst öryggi fylgja því að geyma bílana í nálægð við Krílið þar sem verslunin hefur langan opnunartíma, sérstaklega um helgar, og því minni hættu á skemmdarverkum. Hefur bæjarráð vísað erindinu til umhverfisnefndar.

Vestfirðingar flykkjast til sólarlanda sem aldrei fyrr

Portúgal og Costa del Sol á Spáni vinsælustu staðirnir

Margir kjósa að ferðast erlendis í sumarfríinu og verða þá oft hinar margfrægu sólarstrandir fyrir valinu, enda fátt betra en að liggja á handklæði umkringdu heitum sandi, sleikja íspinna og lygna aftur augunum. Þegar blaðið hafi samband við þær ferðaskrifstofur er starfa í Ísafjarðarbæ, ISO-ferðir og Vesturferðir, kom í ljós að Vestfirðingar virðast síst draga úr ferðum sínum á suðlægari slóðir í sumar heldur ber frekar á aukinni sókn í sólarlöndin, hvað sem tali um hryðjuverk og samdrátt í efnahagslífinu líður.

Kristín Björnsdóttir hjá Vesturferðum segist greina gífurlega aukningu í bókunum í sólarlandaferðir sumarsins og telur hún að skýringar megi

að einhverju leyti finna í gjaldþroti Samvinnuferða-Landsýnar, sem hafi fært aukin viðskipti til þeirra. Vinsælasti áfangastaður Vestfirðinga þetta sumarið er að hennar mati Portúgal, en Costa Del Sol og Benidorm á Spáni fylgja fast á hæla þess, enda ódýrt að lifa á stöðum sem þessum og afþreyingin þar sniðin að fjölskyldufólki sem vill njóta þess að vera saman í fríinu. Kristín segir aukninguna hafa komið sér á óvart miðað við svartsýnistal síðustu mánaða, en segir að fólk vilji sem ávallt gleyma áhyggjum og slappa af í sólinni og borgi þá frekar með raðgreiðslum, en sá greiðslumáti mun vera vinsælli nú en oft áður.

Inga S. Ólafsdóttir hjá ISO-

ferðum tekur í sama streng og segist greina nokkra aukningu í sólarlandaferðum miðað við fyrri ár. Hún segir Vestfirðinga flesta stefna á Spánnarferðir, og þá helst Alicante í grennd við Benidorm og Costa Del Sol, enda sé nú svo komið að margir eigi sumarhús á þeim slóðum. Af öðrum vinsælum áfangastöðum ISO-ferða í sumar nefnir Inga Prag í Tékklandi og Ítalíu sem vinsæla kosti og segir að Ítalía sameini kosti strandstaða og menningarborga og Prag sé sífellt að verða vinsælli áfangastaður ferðalanga. Hún kveðst ekki verða vör við aukningu á því að fólk greiði ferðirnar með raðgreiðslum líkt og Kristín hjá Vesturferðum, heldur segir hún jafnvel algengt að fólk staðgreiði ferðirnar.



ÍSAFJARÐARBÆR

ORÐSENDING TIL ÍBÚA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Þar sem almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram þann 25. maí nk., er íbúum Ísafjarðarbæjar bent á, að tilkynningar um búsetuskipti þurfa að hafa borist skrifstofum Ísafjarðarbæjar eigi síðar en 3. maí nk. svo viðkomandi aðili sé á réttum stað í kjörskrá. Forðumst vandræði á kjördag, göngum frá málinu í dag.

Manntalsfulltrúi Ísafjarðarbæjar.

HLÍF ÍBÚÐIR ALDRAÐRA, ÞJÓNUSTUDEILD

Vegna skipulagsbreytinga á deildinni vantar starfsfólk í eftirtalin störf:

- 100% starf deildarstjóri, sjúkraliða.
- 100% starf sjúkraliða, allar vaktir.
- 80% starf sjúkraliða, allar vaktir.
- 100% starfsmaður í blönduð störf, allar vaktir.

80% starfsmaður í blönduð störf, allar vaktir.

70% starfsmaður í blönduð störf, allar vaktir. Um er að ræða tvær stöður.

60% starfsmaður í blönduð störf, allar vaktir.

50% starfsmaður í blönduð störf, allar vaktir.

30% starfsmaður í blönduð störf, allar vaktir. Um er að ræða tvær stöður.

50% starfsmaður í ræstingar, vinnutími frá kl. 9-13.

Unnið er á þrískiptum átta tíma vöktum. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um störfin veitir forstöðumaður Hlífar, Elín Þóra Magnúsdóttir í síma 456 4076.

BARNAVERNDARNEFND

Barnaverndarnefnd Ísafjarðarbæjar ítrekar við foreldra/forráðamenn að aldurstakmörk á myndböndum eru sett til verndar börnum og unglíngum. Myndbandaleigum er óheimilt að leigja börnum yngri en aldurstakmörk segja til um. Foreldrar eru hvattir til að sinna sínu hlutverki hvað þetta varðar með því að leigja ekki myndbönd fyrir börn sín sem þau sjálf hafa ekki leyfi til að taka á leigu eða horfa á.

Barnaverndarnefnd Ísafjarðarbæjar.

bb.is – Dagblað á netinu!

Atvinna – Atvinna!

SKG-veitingar óska eftir að ráða starfsfólk til að sjá um morgunverð og til þjónustustarfa í veitingasal.

Nánari upplýsingar gefa Snorri, Kalli eða Didda í síma 456 3360 milli kl. 9 og 16 alla virka dag.



Auglýsingar um starfsleyfistillögur

Fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð Funa, Ísafjarðarbæ og urðun úrgangsvið Klofning á Flateyri.

Í samræmi við 6. gr. í 1. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, liggja frammi til kynningar starfsleyfistillögur fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð Funa, Ísafjarðarbæ og urðun úrgangsvið Klofning á Flateyri, í landi Þernuness, á afgreiðslutíma á skrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnarsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafjarðarbæ, til kynningar frá 11. apríl 2002 til 13. júní 2002.

Fyrir urðunarstað og brennslustöð Tálknafjarðarhrepps.

Í samræmi við 6. gr. í 1. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, liggja frammi til kynningar starfsleyfistillögur fyrir urðunarstað og brennslustöð Tálknafjarðarhrepps, á afgreiðslutíma á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, Tálknafirði til kynningar frá 11. apríl 2002 til 13. júní 2002.

Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögurnar hafa eftirtaldir aðilar:

- 1) Sá sem sótt hefur um starfsleyfi, svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægðrar starfsemi.
- 2) Íbúðar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
- 3) Opinberir aðilar, félag og aðrir þeir, sem málið varðar.

Einnig er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Hollustuverndar ríkisins: <http://www.hollver.is/mengun/mengun.html>

Hollustuvernd ríkisins,
Mengunarvarnir
Ármúla 1a, Reykjavík.

Fimmtán aðilar fá styrk frá nefndinni

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að fimmtán aðilar hljóti styrk frá Ísafjarðarbæ á þessu ári en alls bást nefndinni 19 umsóknir fyrir auglýstan frest sem var til 10. mars síðastliðinn. Samtals nemur styrkveitingin kr. 1.570.000 og þar af hlýtur Sunnukórinn á Ísafirði hæsta styrkinn, eða kr. 250.000. Tónlistarfélag Ísafjarðar og Myndlistarfélag Ísafjarðar fá styrk að upphæð kr. 200.000 hvor um sig og Sögufélag Ísfirðinga og Litli leikklúbburinn á Ísafirði kr. 150.000 hvor aðili.

Aðrir sem hljóta styrk eru



Edinborgarhúsið ehf. á Ísafirði, kr. 125.000, Kvíkmyndafélagið „Í einni sæng“ á Flateyri, kr. 100.000, Leikfélagið Hallvarður Súgandi á Suðureyri, kr. 100.000, Nemandafélag Menntaskólans á Ísafirði, kr. 100.000, Kammerkórinn á Ísafirði, kr. 50.000, Pétur Tryggvi Hjálmarsson á

Ísafirði, kr. 50.000, Rætur Áhugahóður um menningar- fjölbreytni á Vestfjörðum, kr. 50.000, Vestfirskar Þjóðsögur, kr. 25.000, Kristjana Sigríður Vagnsdóttir á Þingeyri, kr. 10.000 og Gunnlaugur Ingi Ingimarsson á Ísafirði, kr. 10.000.

Afsökunarbeiðni til Súgfirðinga

Kæru Súgfirðingar!
Um leið og ég óska nágrönnum okkar til hamingju með nýafstaðna byggðakvótaúthlutun langar mig til að biðja ykkur afsökunar. Þannig er mál með vexti að ég hef nú til margra ára reynt að vinna með því fiskveiðistjórnarkerfi sem í gildi er í það og það skiptið. Árið 1999 voru sett lög um að aukategundir í þorskaflahámarkinu yrðu settar í kvóta. Síðan þá hef ég verið að reyna að búa mig undir að þessi lög tækju gildi og fjárfest í hlutdeild á ýsu og steinbít og flutt á bát í minni eigu sem á heimahöfn á Suðureyri. Eftir endurtekna frestun tóku þessi lög gildi 1. september í haust. Fyrir viku var síðan úthlutað byggðakvóta til þeirra

byggðarlaga sem verst þóttu hafa farið út úr áður nefndri kvótasetningu. Þá gerast þau undur og stórmerki að Suðureyri er nánast ekki með í þeirri úthlutun. Staður, sem hefur átt allt sitt undir veiðum smábáta síðan uppúr 1990! Og hver er ástæðan? Jú, mismunurinn á veiðinni í fyrra og úthlutuninni í ár náði ekki ákveðinni viðmiðunartölu sem einhvers staðar hafði verið fundin út. Það þýðir að þær aflaheimildir sem ég hef verið að eignast á undanförunum árum, til að búa mig undir að lögin taki gildi, verða beinlínis til þess að byggðakvóti til annarra báta á staðnum er lækkaður sem því nemur. Ég vil því hér með biðja ykkur innilega afsökunar á þessu frumhlaupi og því að



Guðni A. Einarsson skrifar

„Ég held að við hljótum því að vera næstir í röðinni“

minnka samkeppnishæfni okkar á Suðureyri með því að eyða peningunum í það sem við hefðum ella fengið og aðrir fá frítt. Ekki svo að skilja að við séum ekki vanir svona trakteringum hér, því ekki höfum við séð svo mikið sem einn sporð af þeim byggðakvóta sem var úthlutað til okkar síðast, þá var það bæj-

arstjórn Ísafjarðarbæjar og Bygðastofnun sem sáu um að færa hann öðrum. Ég held að við hljótum því að vera næstir í röðinni en þangað til þurfum við bara að bíta í skjaldarrendur og hjálpa okkur sjálfir eins og við höfum gert hingað til.
Guðni A. Einarsson.

Heilbriggt fólk getur...!

Í viðtali við Morgunblaðið síðastliðinn sunnudag, 21. apríl, sagði Katrín Sif Sigurgeirsdóttir að heilbriggt fólk gæti unnið sig upp úr fátækt. Viðtalið var fyrir margra hluta sakir athyglivert og fyrrisögnin sláandi. Tilvísunin í umræðuna um fátækt er merki um breytta þjóðfélagsumræðu. Upp á yfirborðið eru að koma málefni sem legið hafa í þagnargildi fyrir þær sakir að flestum hefur þótt óþægilegt að ræða þau. Mörgum hefur þó ofboðið að unnt skuli vera að nýta eða öllu heldur misnýta og niðast á félagslegri aðstoð og skattkerfinu eins og kom fram í Morgunblaðinu fyrr í þessum mánuði. En sú ágæta umfjöllun varð einmitt tilefni til viðbragða Katrínar Sifjar. Með því er ekki átt við að aðstoðin eigi ekki fullan rétt á sér. Hin stóra spurning á fremur við um það að fólk skuli leyfa sér að ganga of langt og fara að gera út á félagslega aðstoð.

Katrín veltir fyrir sér því hvernig þriðja kynslóðin gengur inn í far forfeðranna og leggst á þá aðstoð sem til boða er þeim sem ekki geta fengist við lífið án peninga frá hinu opinbera. Langflestir virðast sammála því að aðstoð frá því opinbera sé neyðarbraud. En engu að síður er staðreyndin sú að margir velja þá leið fremur en að hafa meira fyrir lífinu og stunda atvinnu. Hið góða við viðtalið sem tekið er í framhaldi af bréfi Katrínar Sifjar til Morgunblaðsins er að vakin er athygli á því sem miður fer og í raun á þeirri staðreynd að aðstoðin sem kemur frá ríki og sveitarfélögum á og ætti eingöngu að vera neyðaraðstoð. Sú sem setur

fram þetta sjónarmið hefur staðið í sporum þess er kemst ekki af án einmitt þeirrar aðstoðar, en hún vill ekki festast í því farinu að þiggja opinbera aðstoð.

Hið opinbera, ríki og sveitarfélög verða að beita sér fremur fyrir því að gera þessum skjólstaðingum kleift að verða sjálfbjarga. Sjálfbjörg er betri en bónbjörg og ljóst að þeir sem læra að komast af sjálfir eru snöggum líklegri en hinir til þess að sækja ekki ríkið um bætur til að draga fram lífið um ókominn aldur. Skattakerfið hefur í sér fólgin mikinn hvata til þess að telja fram lágar og litlar tekjur meðal annars til þess að hækka barnabætur. Tekjutenging barnabóta er samkvæmt umfjölluninni í Morgunblaðinu mörgum freisting til þess að skilja við maka sinn. Eiginkona og móðir með lágar tekjur nær fullum barnabótum skilji hún að

forminu til við tekjuhærra eiginmann sinn og verði einstæð móðir í opinberum skrá. Það er eftirtektarvert að ung kona sem eignaðist sitt fyrsta barn ung skuli ná því að halda sjálfsvirðingu sinni og vilja til að vera sjálfri sér nóg. Á sama tíma gerir hún sér grein fyrir því að neyðaraðstoðin á ekki að verða til þess að buga einstaklinginn sem lendir í þeim ógöngum að komast ekki leiðar sinnar hjálparlaust um lengri eða skemmri tíma. Hugsunin sem eftir stendur er hvort slíkt hugarfar eigi ekki erindi til forsvarsmanna sveitarfélaga sem nú eiga undir högg að sækja á Vestfjörðum. Bygðaaætlun Ísafjarðarbæjar og hugsunarháttur ungu konunnar eiga margt skylt. Fyrst og fremst er sjálfsvirðingin!

Stakkur skrifar

Netspurningin

Spurt var:

Ætla þú að kjósa sama lista og síðast í komandi kosningum?

Alls svörðu 452.
Já sögðu 157 eða 34,73%
Nei sögðu 199 eða 44,03%
Óvissir voru 96 eða 21,24%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Hausastappa og djúpsteikt roð í fiskveislu

Mikil gleði var á Suðureyri við Súgandafjörð sl. laugardag þegar fyrirtækin Íslandssaga hf. og Klofningur ehf. buðu starfsfólki sínum og mökum til sameiginlegrar fiskveislu í félagsheimili staðarins. Hinn frægi kokkur Úlfar Eysteinnsson frá veitingastaðnum Premur Frökkum sá um að matreiða hráefnið sem starfsfólk fyrirtækjanna handlaikur öllu jöfnu dag hvern, en meðal þess sem boðið var upp á voru hrogn og lifur, roð af þorski og steinbít, hausstappa, kúttmagi, mjölsúpa, saltaðar klumbrur, kinnar, gellur og að sjálf-sögðu saltfiskur ásamt mörgu fleiru. Að sögn kunnugra sló maturinn í gegn hjá starfsfólkinu og var mörgum undrunarefni að hægt væri að útbúa svo bragðgóða rétti úr afurðum fyrirtækjanna, sem oft



eru litnar hornauga á meðan vinnslu þeirra stendur. Að kvöldverði loknum hófst viðamikil skemmtidagskrá þar sem fulltrúar hinna tíu þjóðarbrotta er manna fiskvinnslurnar komu fram og skemmtu, hver á sinn máta. Við tækifærið afhenti Sparisjóður Bolungarvíkur nýstofnuðu starfsmannafélagi Klofnings og Íslandssögu kr. 100.000 að gjöf, en peningunum er

ætlað að renna til fyrirhugaðrar utanlandsferðar félagsins. Þá fór fram Karaokekeppni og léku veislugestir á alls oddi í keppninni við undirspil karaoketækisins. Dómnefnd valdi þrjá bestu söngvara kvöldsins og hlutskarpastur varð útgerðarmaðurinn Snorri Sturluson, en túlkun hans á laginu Delilah, sem kolanámumaðurinn velski Tom Jones gerði frægt á sínum tíma, þótti bera af.

Annað sætið hrepti Guðni Einarsson, framkvæmdastjóri Klofnings, sem söng My Way Franks Sinatra og í því þriðja varð Ævar Einarsson hjá Íslandssögu sem söng slagarann Tracy eftir Tammy Wynette. Er veislan rómuð meðal starfsfólks fyrirtækjanna tveggja og víða haft á orði að þetta ætti að gera árvissst. Fleiri myndir frá veislunni birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.



Mikið úrval af fallegum húsgögnum í unglindaherbergin



HÚSGAGNALOFTIÐ

SÍMI 456 4566 SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR



xD

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN Ísafjarðarbæ

Skrifstofa Hafnarstræti 12, Ísafirði

Símar 456 3232 / 456 4232 Fax 456 5262

Sumarfagnaður D-listans

Kosningaskrifstofa D-listans að Hafnarstræti 12 á Ísafirði verður opnuð á morgun, sumardaginn fyrsta. Af því tilefni verður efnt til sumarfagnaðar sem hefst í Sjallanum kl. 14 en kosningaskrifstofan er á hæðinni fyrir ofan (gengið inn beint á móti nýja Neistahúsinu).

Í Sjallanum verður sitthvað til skemmtunar og tónlistarflutningur af ólíku tagi, bæði léttklassik og dægurmúsik. Sérstaklega má nefna alveg nýtt „kosningamyndband“, unnið af heimamönnum hér vestra, sem betra er að sjá með eigin augum en segja frá.

Jafnframt verður kaffi og gos og ljúffengt meðlæti á boðstólum fram eftir degi, bæði í Sjallanum og uppi á kosningaskrifstofunni. Fólk er hvatt til að fjölmenna í fagnaðinn og óhætt verður að taka börnin með.

Víð kjósum áfram ábyrgð og festu í stjórn bæjarfélagsins.

D-listinn í Ísafjarðarbæ

Skrúður í Dýrafirði

Sjónvarpið sýnir kl. 19:35 á morgun, Sumardaginn fyrsta, heimildamynd um endurreisn Skrúðs í Dýrafirði, en garðurinn, sem séra Sigtryggur Guðlaugsson gerði í upphafi tuttugustu aldar, er einstakur að allri gerð og líklega nyrsti botanískur skrúðgarður jarðarinnar. Í myndinni er fylgst með störfum sjálfboðaliða, m.a. nema og kennara Garðyrkjuskóla Íslands, sem unnu í nokkur vor að endurgerð skrúðgarðsins í upphaflegri mynd. Gerð er grein fyrir hugmyndum að garðinum, vitnað í ritaðar heimildir frá séra Sigtryggi og rætt við nokkra aðila sem þekkja sögu staðarins.



Hafnar- og umhverfissvið Ísafjarðarbæjar

Sameinuð í eitt

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sl. fimmtudag að sameina hafnar- og umhverfissvið bæjarins, en fyrir nokkru var umhverfisnefnd og hafnarstjórn falið að skoða samlegðaráhrif af sameiningu sviðanna í eitt. Í kjölfar samþykktarinnar var bæjarstjóra falið að vinna tillögu að nýju skipuriti, erindisbréfum nefnda og starfslýsingu hins nýja sviðs.

Á fundi er fram fór sama dag samþykkti hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar bókun þess efnis að hún mælti með

Guðmundi H. Kristjánssyni í stöðu yfirmanns Hafna Ísafjarðarbæjar, en hann mun þá, ef af ráðningu hans verður, gegna stöðu yfirmanns sameinaðra sviða.

Fundargerð hafnarstjórnar var tekin fyrir á fundi bæjarráðs í gær, mánudag, og lagði Sæmundur Kr. Þorvaldsson fram bókun við hana þar sem hann dró í efa að rétt væri að ganga frá ráðningu yfirmanns Hafna Ísafjarðarbæjar á þessum tímum þar sem bæjarstjórn hafi nú ákveðið að sameina umhverfis- og hafnar- svið. Tók hann fram að í

bókun sinni fælist enginn efi um niðurstöðu hafnarstjórnar hvað varðaði umsækjanda.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, lagði þá fram bókun þess efnis að hann minnti á að samþykkt hefði verið samhljóða á bæjarstjórnarfundum sl. febrúar að ráða yfirmann fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar og að unnið hefði verið eftir því, sem útskýrði fyrirleggjandi tillögu hafnarstjórnar. Búist er við því að öllu jöfnu verði gengið frá ráðningu Guðmundar á fundi þann 2. maí nk.

Hvað er að ske? Á helginni

25. apríl - 29. apríl

Skemmtikvöldið

Those Were The Days
Með líffandi tónlist frá 1960 til 1970.

Frábær matur
Stórgóð skemmtun
Dúfurball

Lokasýning
Laugardagskvöldið 27. apríl. Laus sæti

MÍÐA OG BORDAPANTANER | Síma 456-3985 (PIZZA 67)

Loksins!

J A G Ú A R

FÖSTU-DAGSKV. 16 ÁR

LAUGAR-DAGSKV. 18 ÁR

Crossroads

Draumar breytast. Vinir eru að eilífu.

Hin frábæru lög,
I'm not a girl not yet a woman
og Over Protected
efl. eru m.a. í myndinni

Fimmtudag kl 9
Föstudag kl 9

A BEAUTIFUL MIND

4 Óskarsverðlaun
m.a. besta mynd ársins

Sunnudag kl 9
Mánudag kl 9

Bönnuð innan 12

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

netið

Hver eru upphalds bókamerkin þín á Netinu? **Lilja Rafney Magnúsdóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Ísafjarðarbæ svarar:**

„Ég fer að sjálfsgöðu alltaf inn á **bb.is** og þaðan er hægt að fara inná marga skemmtilega vestfirska vefi t.d **atvest.is** og á vef Grunnskólans á Suðureyri. Þaðan fer ég oft inn á tengingu þar sem ég get skoðað gamlar mannlífsmyndir frá Súgandafirði sem teknar voru af sr. Jóhannes heitnum Pálmássi sem þjónaði Súgfirðingum í þrjátíu ár. Sonur hans hefur sett þær inn á netið við mikla ánægju heimamanna sem og brottfluttra Súgfirðinga. Einnig fer ég oft inn á pólitísku vefina og þá sérstaklega þessa dagana **vg.is**, en þar verður tenging fyrir framboðið okkar hér vestra. Ég kiki stundum á **althingi.is** og vitaskuld á **visir.is** og **mbl.is** því ég er fréttafíkill.“



fréttir

Skátamessa á Sumardaginn fyrsta

Á morgun, Sumardaginn fyrsta, efir Skátafélagið Einherjar - Valkyrjan fyrir skátuguðsþjónustu í Ísafjarðarkirkju. Þar mun Ólafur B. Halldórsson, predika og sr. Magnús Erlingsson þjóna fyrir altari. Gengið verður í skrudgöngu frá Skátaheimilinu við Mjallargötu að kirkjunni þar sem messan hefst kl. 10:00. Að messu lokinni munu skátar fara í skrudgöngu um götur bæjarins með tilheyrandi trumbuslætti. Skátafélagið vill vekja athygli á skeytasölu sinni vegna yfirstandandi fermingavertíðar, en ferming helgarinnar verður sú fyrsta í sögu skátafélagsins þar sem skeytin verða tölvuprentuð.

Sunnudagur 28. apríl

- 12.45 Ítalski boltinn. Bein útsending.
- 14.55 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Everton* og *Blackburn Rovers*.
- 17.00 Meistaradeild Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spilin fyrir þá næstu.
- 18.00 Golfmót í Bandaríkjunum
- 19.00 NBA. Bein útsending.
- 21.45 Summer Holiday. (Sumarfrí) Bresk kvikmynd um nokkra kunnignia í London sem fá lánaðan strætisvagn og halda á vit ævintýranna í Suður-Frakklandi. Tilgangur ferðarinnar er göfugur en þegar þrjár huggulegar söngkonur verða á vegi félaganna breyta þeir um stefnu og halda til Apenu í Grikklandi þar sem stúlkurnar eiga að koma fram. Í myndinni er fjöldi heimspekktra laga sem flest, ef ekki öll, eru flutt af liðsmönnum Shadows. *Adalhlutverk: Cliff Richard, Lauri Peters, Meilyn Hayes, Una Stubbs, Teddy Green.*
- 23.30 Dagskrárlök og skjáleikur



SKJÁREINN

Föstudagur 26. apríl

- 16.30 Muzik.is
- 17.30 Two Guys and a Girl (e)
- 18.00 Everybody loves Raymond

18.30 Yes, Dear (e)

- 19:00 Powerplay (e)
- 19:30 Powerplay (e)
- 20:00 Jackass. Allir þekkja æringjann Johnny Knoxville sem safnar myndum af ofurhugum í vandræðum og öðru fólki í óheppilegum aðstæðum. Fólki er ráðlagt að reyna ekki að leika vitleysuna eftir.
- 20.30 Bob Patterson. Bob Patterson er fyrirlesari sem hvetur fræga fólkið á framabratinni. Hans eigin frami er þó þynnum stráður og hann á í mesta basli með að hjálpa sjálfum sér eins vel og hann hjálpar öðrum. Að sjálfsgöðu sprengihlæglegir gamabættir
- 21:00 Undercover. Bandarísk spennuþáttaröð um sérsveit flugumanna á vegum lögreglunnar sem gengur milli bols og höfuðs á glæpasamtökum. Bólí-vískir hermenn ráðast til atlögu inn á sveitasetur eiturlyfjabarónsins Armando Uribe. Hann flýr með þyrlu sem nauðlendir í frumskóginum. Sérsveitin er send til Bólívíu til að handtaka hann eða drepa.
- 22.00 Djúpa laugin
- 23:00 Malcolm in the middle (e)
- 23.30 CSI (e)
- 00.20 Law & Order (e)
- 01.10 Jay Leno(e)
- 02.00 Muzik.is
- 03.00 Óstöðvandi tónlist

Laugardagur 27. apríl

- 12.30 48 Hours(e)
- 13.30 Law & Order(e)
- 14.30 Jay Leno(e)

15.30 Djúpa laugin (e) Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót

- 16.30 Survivor IV (e)
- 17.30 Fólk (e)
- 18.30 Undercover (e)
- 19.30 Two Guys and Girl (e)
- 20.00 Powerplay. Bandarísk þáttaröð um Brett Parker er flytur aftur til heima-bæjar síns til að stjórna hokkíliði. Colleen neyðist til að loka hluta af stálbræðslu Duff. Brett ræður Bobby Gunn til liðsins en eftir að hann kemst að því að hann hefur verið með Michelle tekur hann til sinna ráða.
- 21:00 Íslendingar.
- 22:00 Total Recall. Kanadísk spennuþáttaröð um lögreglumenn á áttunda áratug 21. aldarinnar Draumvakafíkn ágerist í framtíðarlandinu og fjöldi draumvakantenda brennur til bana í tækjunum. Hume og Farve finna tengsl milli fórnarlambanna og stefnumótþjónustu sem er á vegum Recall.
- 22.50 Bímynd(e)
- 00:20 Tvöfaldur Jay Leno (e)
- 01.50 Muzik.is

Sunnudagur 28. apríl

- 12.30 Silfur Egils
- 14.00 Mótor(e)
- 14.30 Boston Public(e)
- 15.30 The Practice (e)
- 16.30 Innlit-Útlit (e)
- 17.30 Providance (e)
- 18.30 Bob Patters(e)
- 19.00 Jackass(e)
- 19.30 Yes,dear (e)
- 20:00 Sunnudagsmynd
- 21:30 Málíð
- 21.45 Silfur Egils
- 23.30 Íslendingar (e)
- 00.30 Survivor IV (e)
- 01.20 Muzik.is
- 02.00 Óstöðvandi tónlist

Sjónvarpsstöðin Sýn

Miðvikudagur 24. apríl kl. 18:30
Meistarakeppni Evrópu: Manchester United – Bayer Leverkusen
Laugardagur 27. apríl kl. 10:40
Enski boltinn: Tottenham Hotspur – Liverpool
Sunnudagur 28. apríl kl. 12:45
Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn
Sunnudagur 28. apríl kl. 14:55
Enski boltinn: Everton – Blackburn Rovers
Sunnudagur 28. apríl kl. 17:00
NBA: Philadelphia 76ers – Boston Celtics
Sunnudagur 28. apríl kl. 21:30
NBA: Portland TrailBlazers – Los Angeles Lakers
Mánudagur 29. apríl kl. 18:50
Enski boltinn: Bolton Wanderers – Arsenal
Þriðjudagur 30. apríl kl. 18:30
Meistarakeppni Evrópu: Bayer Leverkusen – Manchester United
Miðvikudagur 1. maí kl. 18:30
Meistarakeppni Evrópu: Real Madrid – Barcelona

bb.is

– góður kostur fyrir auglýsingar!



Ljósmyndasamkeppni Bókhöðunnar, Nýherja hf. og bb.is

Teygjustökk valin besta myndin

Skarphéðinn Sigurðsson, starfsmaður Flugfélags Íslands á Ísafjarðarflugvelli, hlaut fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni Bókhöðunnar á Ísafirði, Nýherja hf. og bb.is sem staðið hefur yfir hér á vefnum frá því nýtt útlit vefjarins var tekið í notkun um miðjan janúar. Verðlaunamyndin ber nafnið Teygjustökk og var tekin er Skarphéðinn var á Reading tónlistarháttíðinni í Englandi árið 1997.

Önnur verðlaun komu í hlut Guðnýjar Matthíasdóttur, Hamri, Vesturbyggð, en mynd

hennar ber heitið Skautað og var tekin í Vatnsfirði 29. janúar sl. Þegar nemendur Birki-melsskóla fengu frí í skólanum og fóru á skauta. Þriðju verðlaun fékk Nanný Arna Guðmundsdóttir á Ísafirði fyrir myndina Botn Dýrafjarðar. Myndin var tekin haustið 2001 á brúnni í Dýrafirði. Alls bár-ust 58 myndir í keppnina og er öllum sem sendu inn myndir þökkun þátttakan.

Fyrstu verðlaun í ljósmyndakeppninni var Canon Power Shot A20, stafræn myndavél að verðmæti kr.



Frá afhendingu verðlaunanna. Frá vinstri: Jónas Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Bókhöðunnar, Nanný Arna Guðmundsdóttir sem fékk þriðju verðlaun, Skarphéðinn Sigurðsson sem fékk fyrstu verðlaun og Sigurjón J. Sigurðsson, ritstjóri Bæjarins besta. Á myndina vantar Guðnýju Matthíasdóttur sem fékk önnur verðlaun.

54.900. Í önnur verðlaun var ársáskrift að vikublaðinu Bæjarins besta að verðmæti 10.400 krónur og þriðju verðlaun voru stækkun á ljósmynd upp í 20x30 cm ásamt ramma að verðmæti kr. 3.000. Vinningshafarnir fengu verðlaunin afhent á föstudag að viðstöddum fulltrúum blaðsins og Bókhöðunnar. Guðný Matthíasdóttir, Hamri átti ekki heimangengt og fær hún því verðlaunin

send. Í dómnafnd áttu sæti þeir Hrafn Snorrason, ljósmyndari hjá Bókhöðunni, Halldór Sveinbjörnsson, ljósmyndari hjá Beco ehf. í Reykjavík.

Í ljósmyndaleiknum var ekkert sérstakt viðfangsefni eða þema og höfðu þátttakendur því frjálslar hendur. Í þessari viku verður kynnt ný ljósmyndasamkeppni á vegum sömu aðila á fréttavef BB. Þess

skal getið að hægt verður að skoða myndirnar í keppninni inn á ljósmyndavef bb.is eftir að ný keppni er hafin. Dagana 2. og 3. maí nk. munu fulltrúar frá Nýherja hf. kynna nýjustu stafrænu myndavélarnar frá Canon í Bókhöðunni á Ísafirði og eru allir áhugamenn um nýjustu tækni í ljósmyndun hvattir til að líta til sérfræðinganna og kanna hvað í boði er fyrir næstu keppni.



Myndin Teygjustökk hlaut fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni Bókhöðunnar á Ísafirði, Nýherja hf. og bb.is. Myndin er tekin í Englandi árið 1997.

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?

Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að lá öryggi lífsins og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnar þín eru ánnars vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.

TRYGGINGA-MIDSTODIN HF.
- þegar lífi er á vaxandi

Hafnarstræti 7 • 460 Ísafjörður
Sími 456 5200 • www.tmhf.is

NEISTAFLUG

Flytjum í Neista í vikunni Fylgist með frábærum opnunartilboðum

Neista - sími 456 4853

Ísafjörður

Tól til fíkniefnaneyslu gerð upptæk

Talsverður erill var hjá lögreglunni á Ísafirði um helgina. Við leit í bifreið aðfaranótt laugardags fann lögreglan tól til neyslu kannabisefna og gerði upptæk af öikumanni hennar, sem er á átjándu aldursári.

Bifreiðin var stöðvuð við hefðbundið eftirlit lögreglu, sem ákvað að leita í henni þar sem ökuamaður hennar virtist í annarlegu ástandi. Síðar sama kvöld lagði lögreglan svo hald á landa og áfengi úr bifreið sem í voru tveir átján ára gamlir piltar.

Þá gerðu óprúttir einstaklingar sér lítið fyrir um helgina og stálu tveimur slökkvitækjum úr jarðgöngunum.

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. í Hnífsdal

Ný þorskeldiskví sjósett

Ný þorskeldiskví Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. var sjósett í Sundahöfn á Ísafirði í síðustu viku. Að því loknu dró dragnótabáturinn Aldan ÍS kvínnu, sem er 51 metri að ummáli, áleiðis inn Álftafjörð en hún verður staðsett þar innundir Langeyri. Eru eldiskvíar HG í Álftafirðinum þar með orðnar tvær því, eins og kunnugt er, var önnur kví sjósett í fyrrasumar og hefur síðan þá verið í firðinum við góða raun. Að sögn Kristjáns Jóakimssonar, vinnslu- og markaðsstjóra HG, er ætlunin að veida þorsk til eldis í kvínni í byrjun maímánaðar þegar yfirstandandi hrygningarstöðvun Hafró lýkur.

Kristján segir stjórnendur HG ánægða með útkomur tilraunarinnar og vænta áframhaldandi góðs gengis.

„Kvínn í Álftafirðinum hefur reynst vel til þessa og kom þokkalega undan álagi vetrarins. Við erum nú að læra á þorskeldið og betrumbæta það og kvínn sem sjósett var núns er enn eitt skref í áttina, af vonandi mörgum fleirum,“ sagði Kristján.

Rörtækni ehf. á Ísafirði smíðaði og hannaði báðar kvíar HG í Álftafirði og segist Össur Össurason, framkvæmdastjóri Rörtækni, vera ánægður með samstarfið við fyrirtækið.

„Það gekk afar vel að sjósetja kvínnu og sömuleiðis hefur gengið vel að smíða kvíarnar og hanna. Við sáum fram á mikinn samdrátt í þjónustuverkefnum þennan veturinn, en þessi verkefni hafa komið okkur mjög til góðs hvað slíkt varðar. Það fóru til



Frá sjósetningu kvíarinnar í Sundahöfn.

dæmis um 20 dagsverk í smíðina á nýju kvínni og í framhaldi af vinnu okkar fyrir HG hefur rignt yfir okkur fyrirspurnunum víðs vegar að. Næst er ætlunin að smíða kví sem hægt er að sökkva á veturna til þess að forðast veðrabrigði og lagnarís, og er hönn-

un á henni langt á veg komin,“ sagði Össur í samtali við blaðið og bætti við að ef tekst að smíða hana og sjósetja í sumar eins og stefnt er að, þá verði hún væntanlega fyrsta eldiskvínn af þessu tagi við Íslandsstrendur.

WMM STRAUMUR

30 ára 1972 - 2002

Fjöldi tilboða í apríl

Sillargöta 5
Sími 456 3321

bb.is

– öflugur frétt- og upplýsingamiðill!